

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 2

Dags. 19.11.2008

**2. fundur Skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar** haldinn í Kjarna  
19.nóv 2008. kl.15

Mættir voru: Ásvaldur Æ. Þormóðsson, Sigurður Skúlason, Snæfríður Njálisdóttir, Hörður Þ. Benónýsson og Hlöðver P. Hlöðversson

**1. Farið yfir tillögu að samræmingu aðalskipulagsdraga fyrir Aðaldal og Þingeyjarsveit, unnin af Mannviti.**

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála og ákveðið að fá fulltrúa Mannvits á fund með nefndinni miðvikudaginn 26. nóvember. Farið yfir álitamál sem þarf að taka afstöðu til við samræminguna. Skoðuð gögn um íbúabróun í Þingeyjarsveit frá 1997-2007.

**2. Lagt fram erindi sem barst sveitarstjórn frá Aðalsteini og Corneliu á Hjalla þar sem farið er fram á undanþágu við gerð deiliskipulags fyrirhugaðs tjaldsvæðis á Hjalla.**

Nefndin sér ekki ástæðu til að krefjast deiliskipulags að svo stöddu, **en leggur til að málið verði unnið áfram**, í nánum tengslum við skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins

**4. Nefndin skoðaði erindisbréf skipulags og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar frá 7. ágúst 2008.**

Ekki gerðar athugasemdir við bréfið.

**3. Borist hefur tölvupóstur frá Þorsteini Gunnarssyni rektor Háskólans á Akureyri dagsettur 12. nóv. Þar sem hann óskar eftir að 10 ha. svæði á jörðinni Végeirsstöðum í Fnjóskadal verði í aðalskipulagi skilgreint sem blanda frístundabyggðar og svæðis fyrir þjónustustofnanir.**

Erindinu vísað til aðalskipulagsgerðar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 17.

Hlöðver P. Hlöðversson